



Starfsáætlun Hólabæjar skólaárið 2020 - 2021

Leikskóladagatal

Samband íslenskra sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2020 - 2021

Nafn leikskóla:

AGÚST	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ	JÚLÍ
1. L	1. S	1. F	1. S	1. F	1. S	1. F	1. S	1. F	1. S	1. F	1. S
2. S	2. M	2. F	2. M	2. M	2. L	2. S	2. S	2. F	2. S	2. M	2. F
3. M	3. F	3. L	3. S	3. F	3. S	3. M	3. M	3. L	3. M	3. F	3. L
4. L	4. F	4. M	4. M	4. F	4. M	4. F	4. F	4. M	4. S	4. F	4. S
5. M	5. L	5. M	5. F	5. L	5. S	5. F	5. F	5. M	5. M	5. L	5. M
6. F	6. S	6. M	6. F	6. S	6. M	6. L	6. L	6. S	6. F	6. S	6. M
7. F	7. M	7. M	7. L	7. M	7. F	7. S	7. S	7. M	7. F	7. M	7. M
8. L	8. S	8. F	8. S	8. M	8. F	8. M	8. F	8. L	8. S	8. F	8. L
9. S	9. M	9. F	9. M	9. M	9. L	9. S	9. M	9. F	9. S	9. M	9. F
10. M	10. L	10. F	10. L	10. F	10. S	10. M	10. M	10. L	10. M	10. F	10. L
11. S	11. F	11. S	11. M	11. M	11. F	11. M	11. F	11. S	11. S	11. F	11. S
12. M	12. L	12. M	12. F	12. F	12. S	12. M	12. F	12. M	12. M	12. L	12. M
13. F	13. S	13. S	13. F	13. S	13. M	13. L	13. L	13. S	13. F	13. S	13. M
14. F	14. M	14. M	14. L	14. M	14. F	14. S	14. M	14. M	14. F	14. M	14. M
15. L	15. S	15. F	15. S	15. F	15. M	15. M	15. L	15. F	15. S	15. F	15. M
16. S	16. M	16. F	16. M	16. M	16. L	16. S	16. M	16. F	16. S	16. M	16. F
17. M	17. L	17. F	17. S	17. S	17. M	17. M	17. L	17. S	17. M	17. F	17. M
18. F	18. M	18. M	18. L	18. M	18. F	18. F	18. M	18. S	18. S	18. F	18. S
19. M	19. L	19. M	19. F	19. L	19. S	19. F	19. M	19. M	19. L	19. M	19. M
20. F	20. S	20. F	20. M	20. M	20. L	20. S	20. L	20. F	20. F	20. S	20. M
21. F	21. M	21. M	21. L	21. M	21. F	21. S	21. M	21. M	21. F	21. M	21. M
22. L	22. S	22. F	22. S	22. F	22. M	22. M	22. L	22. S	22. S	22. F	22. M
23. S	23. M	23. F	23. M	23. M	23. L	23. S	23. S	23. F	23. S	23. M	23. F
24. M	24. L	24. M	24. F	24. F	24. S	24. M	24. M	24. L	24. M	24. F	24. L
25. L	25. S	25. F	25. M	25. M	25. L	25. S	25. L	25. F	25. S	25. F	25. M
26. M	26. M	26. M	26. F	26. S	26. M	26. F	26. F	26. M	26. M	26. L	26. M
27. F	27. S	27. F	27. F	27. S	27. M	27. L	27. L	27. S	27. F	27. S	27. M
28. F	28. M	28. M	28. L	28. M	28. F	28. S	28. M	28. M	28. F	28. M	28. M
29. L	29. S	29. F	29. S	29. M	29. F	29. M	29. F	29. L	29. L	29. F	29. M
30. S	30. M	30. F	30. M	30. M	30. L	30. S	30. S	30. F	30. S	30. M	30. F
31. M	31. L	31. M	31. F	31. M	31. F	31. M	31. M	31. L	31. M	31. L	31. M

Þema starfsársins

Á skólaárinu 2020-2021 verður unnið með með yfirþemað náttúran og það tengt inn á alla námsþætti að teknu tilliti til aldurs og þroska barnanna. Undirþemu eru *sjórin*, *jörðin* og *himinhvolfin*. eru þau tekin fyrir í þessari röð. Meginmarkmið þemans er virðing fyrir náttúrunni og umhverfisvernd. Auk þess að börnin kynnist því sem tilheyrir hverju undirþema fyrir sig.

Þær leiðir sem farnar verða til að ná að markmiðunum eru:

- Unnið með texta/lög sem tengjast þemanu
- Ýmiskonar listköpun þar sem áhersla er lögð á þemað
- Verkefni unnin úr endurnýtanlegu efni

Bækur sem verða lesnar í sögustundum verða tengdar við þemað og það sama á við um lög og þulur sem tengjast því á einhvern hátt. Farið verður í vettvangsferðir þar sem þemað verður tengt útinámi. Mat verður lagt á þemavinnuna með skráningu á verkefnum, hvernig til tekst með hvert þeirra.

Samvera

Daglega eru samverustundir í Græna og Bláa hóp. Þar er farið yfir daginn, hvað er gert, hvernig veðrið er, hvernig á að klæða sig fyrir útveru, hvort allir séu mættir, sungið og fleira. Auk þess að kenna börnunum ný orð, þekkingu á vikudögum o.fl. þá læra börnin m.a. í samveru að hlusta á hvert annað, taka tillit til hvers annars, sitja kyrr og bíða.

Hópastarf

Áhersla er lögð á hópastarf þar sem verkefni eru unnin sem tengjast hverju þema, en miðað við þroska og getu hvers hóps. Þar er fylgt eftir leiðarljósi er kemur fram í Aðalnámskrá leikskóla, þar sem börnin fá tækifæri til að túlka sig og tjá á fjölbreyttan hátt, m.a. í gegnum leik, hreyfingu, mynd- og tungumál. Jafnframt að þar sem börn séu hvött til að tjá sig, hlusta á frásagnir, sögur, ljóð og ævintýri.

Vínátta – Blær

Vínátta – Blær felst í því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Lögð er sérstök áhersla á að ná til þeirra barna (og fullorðinna) sem verða vitni að einelti og hvetja þau til að bregðast við því. Unnið verður með Blæ í öllum hópum, en þetta er fyrsti veturinn sem unnið verður með Blæ.

Lubbi

Lubbi er íslenskur fjárhundur. Hann er duglegur að gelta og þá heyrir „voff - voff.“ En Lubba langar mikið til að læra að tala. Þá þarf hann að læra öll íslensku máhljóðin. Hann veit að þegar hann hefur lært þau öll losnar um málbeinið og hann getur leyst frá skjóðunni. Hann hefur örugglega frá mörgu að segja. Í Hólabæ er unnið með Lubba í öllum hópum.

Lærum og leikum með hljóðin

Lærum og leikum með hljóðin er fjölbreytt framburðarefni eftir Bryndísi Guðmundsdóttur sem er ætlað börnum, foreldrum og fagfólki til að undirbúa rétta hljóðmyndun og styrkja undirbúningsfærni fyrir lestur.

Máhljóðin í íslensku eru kynnt til sögunnar í sömu röð og barnið tileinkar sér hljóðin og þyngdarstigið eykst um leið og leikið er í skemmtilegum æfingum í bókum, spilum og í smáforritum.

PALS

PALS er skammstöfun á enska heitinu *Peer Assisted Learning Strategies*, sem hefur fengið heitið á íslensku: *Þör Að Læra Saman*. Markmið aðferðarinnar er að hægt sé að þjálfra alla nemendur samtímis í lestri og stærðfræði með jafningjamiðaðri nálgun. PALS er fyrir 1.-6. bekk grunnskóla. Einnig hefur verið þýtt og staðfært K-Pals og stærðfræðipals fyrir elstu börn leikskólans.

K-Pals er, eins og áður sagði, fyrir elstu börn leikskólans. Þar er lögð áhersla á hljóðgreiningu, umskráningu bókstafa í máhljóð og lestur stuttra texta og orða sem tengjast þeim máhljóðum sem um ræði hverju sinni.

Stærðfræðipals leggur áherslu þjálfun talnahugtöka og í framhaldinu samlagningu og frádrátt.

Útivera

Farið er með börnin út a.m.k. einu sinni á dag, oft tvisvar. Leikskólalóðin er alls ekki nægilega góð en til stendur að endurnýja hana, teikningar eru tilbúnar og í haust verður byrjað á jarðvegsvinnu. Meðan á þeirri vinnu stendur getum við nýtt grunnskólalóðina.

Val

Í vali fá börnin að velja sér stöð til að vera á, í ákveðið langan tíma. Það getur verið að leika með dúkkur, byggja úr einingakubbum, bílar, púsla o.fl. Það getur einnig verið val í tengslum við það þema sem verið er að vinna með hverju sinni.

Listasmiðja

Allir hópar fara einu sinni í viku í listasmiðju. Þar eru unnin verkefni sem erfitt er að sinna inn á deild og eykur fjölbreytni í þjálfun barnanna, með margskonar efnivið, eigin sköpunarkraft og fjölbreytta tækni, sbr. aðalnámskrá leikskóla.

Iðjuþjálfun

Við erum svo lánsöm að það er iðjuþjálfari starfandi við leikskólann og kemur hann tvisvar í viku. Þá er hann með þjálfunarverkefni fyrir einstaka nemendur og/eða hópa. Hann hittir öll börnin, þó svo hann sinni markvissari þjálfun með þeim sem á þurfa að halda.

Fimleikar

Einu sinni í viku fara Græni og Rauði hópur í fimleika. Það er gert í samstarfi við tómsundastarf Reykhólahrepps og eru starfsmenn á þeirra vegum sem halda utan um starfið. Þetta hefur mælst mjög vel fyrir og samræmist vel markmiðum aðalnámskrár, þar sem kemur fram að börn eigi að fá tækifæri til fjölbreyttrar hreyfingar.

Ávaxtastund – matur

Við leggjum áherslu á hollan og góðan mat. Sameiginlegt mótuneyti er með grunnskóladeild Reykhólaskóla og Barmahlíð, elliheimili Reykhólahrepps. Ávaxtastund er alltaf um miðjan morgun, um kl 09:20. Nemendur eiga þá rólega stund í framhaldi af samveru og fá ávexti.

Afmæli

Þegar barn á Hólabæ á afmæli, fær það að bjóða í ávaxtastund, öllum börnum leikskólans sem safnast saman í einu rými. Þá er bakki skreyttur og jafnvel bætt við einhverju, t.d. grænmeti, sem jafnan er ekki í hefðbundinni ávaxtastund. Barnið sem á afmæli fær kórónu, sem það fær að taka með sér heim, og afmælissöngurinn er sungin.

Hópastarf

Í Hólabæ er starfrækt ein deild og er börnunum skipt í 3 aldurskipta hópa. Boðið er upp á 4 – 8,5 tíma vistun fyrir börn eins til sex ára. Þegar þetta er ritað eru 13 börn á aldrinum eins – fjögurra ára í leikskólanum.

Blái hópur

Í Bláa hópnum eru yngstu börn leikskólans, sem eru fædd 2019 og seint á árinu 2018. Núna eru fjögur börn í bláa hóp. Áhersla er lögð á frjálsan leik, útiveru og samverustundir. Að auki fara börnin einu sinni í viku í listasmiðju og a.m.k. tvisvar í íþróttasalinn. Blái hópurinn er með sér forstofu til að

ganga inn um, rými þeirra er á neðri hæð leikskólans og samanstandur það af forstofu, stóru leikrými og stofu þar sem hvíld er, auk salernisaðstöðu. Börnin borða á kaffistofu/vinnuaðstöðu starfsmanna. Lögð er áhersla á að alltaf séu tveir starfsmenn með hópinn, þó svo börnin séu fá. Starfsmenn Bláa hóps starfsárið 2020-2021 eru Katla Sólborg Friðriksdóttir, leiðbeinandi, Hafrós Huld Einarsdóttir, leiðbeinandi og Birna Björt Hjaltadóttir, leiðbeinandi, sem er í hlutastarfi og kemur inn í alla hópa en er með Bláa hóp á mánudögum og föstudögum.

Bláa hópur/árgangur 2018-2019

08:00 – 16:00	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur – 15:00
08:00 – 08:45	Morgunmat – fjáls leikir	Morgunmat – fjáls leikir	Morgunmat – fjáls leikir	Morgunmat – fjáls leikir	Morgunmat – fjáls leikir
08:45 – 09:20	Röng stund/samvera	Röng stund/samvera	Röng stund/samvera	Röng stund/samvera	Listamíða – Frís Ósk
09:20 – 09:40	Ávaxtastund	Ávaxtastund	Ávaxtastund	Ávaxtastund	Ávaxtastund
09:40 – 11:00	Hópastar/Útvera/Þróttasíkur	Hópastar/Útvera	Hópastar/Útvera	Hópastar/Útvera/Þróttasíkur 10:20-11:30	Hópastar/Útvera
11:00 – 11:30	Bleyjukípti – lestur	Bleyjukípti – lestur	Bleyjukípti – lestur	Bleyjukípti – lestur	Bleyjukípti – lestur
11:30 – 12:00	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur
12:00 – 14:00	Hvöld	Hvöld	Hvöld	Hvöld	Hvöld
14:00 – 14:20	Síðdegishressing	Síðdegishressing	Síðdegishressing	Síðdegishressing	Síðdegishressing
14:20 – 14:30	Bleyjukípti – lestur	Bleyjukípti – lestur	Bleyjukípti – lestur	Bleyjukípti – lestur	Bleyjukípti – lestur
14:30 – 16:00	Val – útvera	Val – útvera	Val – útvera	Val – útvera	Val – útvera – lokum kl 15:00

Vikuskipulag Bláa hóps

Græni hópur

Græni hópurinn tekur við af Bláa hópnum og eru þar börn fædd snemma árið 2018 og seint á árinu 2017. Núna eru fjögur börn í Græna hóp. Áhersla er lögð á leik, útiveru, hópastarf og samverustundir. Auk þess fer hópurinn einu sinni í viku í fimleika og í listasmiðju og a.m.k. tvisvar í íþróttasalinn. Græni hópurinn deilir forstofu með Rauða hóp og starfsmönnum leikskólans. Rými þeirra er á efri hæð leikskólans og samanstandur það af forstofu, stóru leikrými, þar sem hópastarf og samvera fer fram, og tveimur stofum sem bjóða upp á ákveðin verkefni/leik, auk salernisaðstöðu. Börnin borða í matsal grunnskólans. Að öllu jöfnu er einn starfsmaður með hópinn en mikið samstarf er með Rauða hóp. Starfsmaður Græna hóps er Íris Ósk Sigþórsdóttir, leiðbeinandi.

Græni hópur/árgangur 2017-2018

08:00 – 16:00	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur – 15:00
08:00 – 08:45	Morgunmat – fjáls leikir	Morgunmat – fjáls leikir	Morgunmat – fjáls leikir	Morgunmat – fjáls leikir	Morgunmat – fjáls leikir
08:45 – 09:20	Röng stund/samvera	Röng stund/samvera	Röng stund/samvera	Röng stund/samvera	Röng stund/samvera – Bettina
09:20 – 09:40	Ávaxtastund	Ávaxtastund	Ávaxtastund	Ávaxtastund	Ávaxtastund
09:40 – 11:30	Hópastar/Útvera	Hópastar/Útvera/Þróttasíkur	Hópastar/Útvera	Hópastar/Útvera/Þróttasíkur 10:20-11:30	Hópastar/Útvera
10:30 – 11:30			Listamíða – Frís		
11:30 – 12:00	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur
12:00 – 14:00	Hvöld – röng stund	Hvöld – röng stund	Hvöld – röng stund	Hvöld – röng stund	Hvöld – röng stund
14:00 – 14:20	Síðdegishressing	Fimleikur 14:00-14:40	Síðdegishressing	Síðdegishressing	Síðdegishressing
14:20 – 15:00	Val – útvera	Síðdegishressing – val – útvera	Val – útvera	Val – útvera	Val – útvera
15:00 – 16:00	Val – útvera	Val – útvera	Val – útvera	Val – útvera	Val – útvera

Vikuskipulag Græna hóps

Rauði hópur

Rauði hópurinn tekur við af Græna hóp. Í ár eru elstu börn leikskólans fædd árið 2016, en einnig eru í hópnum börn fædd snemma á árinu 2017. Fimm börn eru í Rauða hóp. Áhersla er lögð á leik, útiveru, hópastarf og samverustundir. Auk þess fer hópurinn einu sinni í viku í fimleika og í listasmiðju og a.m.k. tvisvar í íþróttasalinn. Rauði hópurinn deilir forstofu með Græna hóp og starfsmönnum leikskólans. Rými þeirra er á efri hæð leikskólans og samanstendur það af forstofu, stóru leikrými, þar sem hópastarf og samvera fer fram, og tveimur stofum sem bjóða upp á ákveðin verkefni/leik, auk salernisaðstöðu. Börnin borða í matsal grunnskólans. Að öllu jöfnu er einn starfsmaður með hópinn en mikið samstarf er með Græna hóp. Starfsmaður Rauða hóps er Bettina Seifert, leikskólakennari.

Rauði hópur/árgangur 2016-2017

08:00 – 16:00	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur – 15:00
08:00 – 08:45	Morgunmat – frjálslíkur	Morgunmat – frjálslíkur	Morgunmat – frjálslíkur	Morgunmat – frjálslíkur	Morgunmat – frjálslíkur
08:45 – 09:20	Röleg stund – samvera	Röleg stund – samvera	Röleg stund – samvera	Röleg stund – samvera	Röleg stund – samvera
09:20 – 09:40	Ávaxtastund	Ávaxtastund	Ávaxtastund	Ávaxtastund	Ávaxtastund
09:40 – 11:30	Hópastarf – útivera	Hópastarf/útivera/þróttasalur	Hópastarf – útivera	Hópastarf – útivera	Hópastarf – útivera
10:30 – 11:30	Listamiða – ís Ósk				
11:30 – 12:00	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur
12:00 – 14:00	Hvöld – röleg stund	Hvöld – röleg stund	Hvöld – röleg stund	Hvöld – röleg stund	Hvöld – röleg stund
14:00 – 14:20	Síðdegishressing	Fimleikar 14:20-14:40	Síðdegishressing	Síðdegishressing	Síðdegishressing
14:20 – 15:00	Val – útivera	Val – útivera	Val/útivera/þróttasalur 14:20-15:30	Val – útivera	Val – útivera
15:00 – 16:00	Val – útivera	Val – útivera		Val – útivera	

Vikuskipulag Rauða hóps

Starfsáætlun er eins og nafnið ber með sér, áætlun og getur því tekið breytingum. Ef breytingarnar eru stórvægilegar eru þær kynntar sérstaklega.

Sonja Dröfn Helgadóttir, leikskólastjóri